

**Nr. 018 / 13 Fjóla GK 121****Stjórnandi sofnaðar og strandar**

Skipaskr.nr. 1516  
 Smíðaður: Skagaströnd 1978, plast  
 Stærð: 11,1 brl. 14,9 bt.  
 Mesta lengd: 11,87 m Skráð lengd: 11,45 m  
 Breidd: 3,67 m Dýpt: 1,44 m  
 Vél: Ford Sabre 86kW, 1991  
 Fjöldi skipverja: 2



Fjóla©Alfons Finnsson

**Gögn:**  
 Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 13. desember 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirprúði Alfreðsdóttur

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 13. mars 2013 var Fjóla GK 121 á siglingu til hafnar í Reykjavík. Veður: VNV 1-2 m/s

Á siglingunni sofnaði skipstjóri með þeim afleiðingum að báturinn strandaði í fjörinni við Sæbraut á stað, 64°08'855N 021°54'362V. Skipstjórinn óskaði eftir aðstoð og var björgunarskipið Ásgrímur S. Björnsson kallað út en Fjóla GK bakkaði síðan úr fjörinni og var siglt til hafnar í Reykjavík.

Eftir skoðun á bol var ekki að sjá neinar skemmdir aðrar en rispur í málningu.

**Við rannsókn kom fram:**

- að samkvæmt ferilskráningu úr AIS-kerfi yfir siglingu bátsins eru engar stefnubreytingar sjáanlegar eftir að komið var inn fyrir Akureyjarbauju og var stefnan 157° rv. Þegar báturinn strandaði. Sigldur hraði var um fimm hnútar allt landstímið og var 5,2 hnútar þegar báturinn renndi upp í fjöruna kl. 02:26;
- að stórstraumsfjara var í Reykjavík kl. 01:12;
- að Fjóla var á skelfiskveiðum með plógi á Hvalfirði og tekur róðurinn venjulega sólarhring en farið var í róðurinn kl. 07:00. Venja var að leggjast við ból eða kasta akkeri á firðinum á meðan skipverjar hvíldust. Í þetta skipti var legið við ból og sváfu skipverjar rúmar þrjá stundir áður en þeir byrjuðu veiðar að nýju en í framhaldi af því var haldið til hafnar en siglingatími voru fjórir tímar;
- að dýpisaðvörun var ekki virkjuð í dýptarmæli og ekki aðvörunarbúnaður í siglingaforriti en engin ratsjá eða vökustaur var í bátinum.

**Nefndarálit:**

Orsök atviksins var að skipstjóri sofnaði við stjórn.